


# Handbók um umferðarmerki

## Forgangsmerki Flokkur 200

Útgefandi Vegagerðin




Mars 2025



**Efnisyfirlit**

|                                                                   |    |
|-------------------------------------------------------------------|----|
| Forgangsmerki.....                                                | 3  |
| Almennar reglur um forgangsmerki .....                            | 4  |
| Málsetningar forgangsmerkja: .....                                | 5  |
| Merki 202 - Biðskylda: .....                                      | 5  |
| Merki 204 – Stöðvunarskylda: .....                                | 6  |
| Merki 206 – Aðalbraut og 208 – Aðalbraut endar: .....             | 7  |
| Merki 212 – Skylt að veita umferð sem kemur á móti forgang: ..... | 8  |
| Götun forgangsmerkja .....                                        | 8  |
| Merki 212 – Götun 600 mm forgangsmerkja. ....                     | 8  |
| Merki 212 – Götun 800 mm forgangsmerkja. ....                     | 8  |
| Merki 214 – Umferð á móti veitir forgang: .....                   | 9  |
| Merki 216 - Fléttuakstur: .....                                   | 10 |
| Gerðir forgangsmerkja.....                                        | 11 |
| 202 Biðskylda .....                                               | 11 |
| 204 Stöðvunarskylda .....                                         | 13 |
| 206 Aðalbraut .....                                               | 14 |
| 208 Aðalbraut endar .....                                         | 15 |
| 212 Skylt að veita umferð sem kemur á móti forgang .....          | 15 |
| 214 Umferð á móti veitir forgang. ....                            | 16 |
| 216 Fléttuakstur .....                                            | 16 |
| Sjónlengdartafla - Vegsýn í hönnunargögnum .....                  | 17 |

## Forgangsmerki

|                                                                                                                                                  |                                                                                                                                |                                                                                                                |                                                                                                                    |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|  <p>202<br/>Biðskylda</p>                                       |  <p>204<br/>Stöðvunarskylda.</p>              |  <p>206<br/>Aðalbraut.</p>   |  <p>208<br/>Aðalbraut endar</p> |
|  <p>212<br/>Skyld að veita umferð sem kemur á móti forgang.</p> |  <p>214<br/>Umferð á móti veitir forgang.</p> |  <p>216<br/>Fléttuakstur</p> |                                                                                                                    |

# Almennar reglur um forgangsmarki

## Reglugerð um umferðarmerki:

Um forgangsmarki

Forgangsmarki mæla með bindandi hætti fyrir um forgang umferðar við vegamót, þrengingar á vegi og samruna akreina. Fyrirmæli um forgang umferðar gilda við staðsetningu forgangsmarkis nema annað sé sérstaklega tekið fram með undirmerki.

Fyrirmæli sem gefin eru til kynna með forgangsmarki gilda framar almennum reglum um forgang umferðar en víkja fyrir fyrirmælum sem gefin eru til kynna með umferðarljósum eða af lögreglu.

## Vinnureglur um notkun:


Notkun forgangsmarkja

Óheimilt er að nota undirmerki með forgangsmarkjum, önnur en þau sem sérstaklega eru tilgreind í eftirfarandi greinum.


## Málsetningar forgangsmerkja:

### Merki 202 - Biðskylda:


| Gerð     | Lengd hliðarlínu A (mm) | Breidd jaðars a (mm) | Hornþvermál r (mm) |
|----------|-------------------------|----------------------|--------------------|
| Venjuleg | 700                     | 70                   | 20                 |
| Stærri   | 900                     | 90                   | 30                 |



Merki 202 – Götun 700 mm forgangsmerkja.  
Sömu málsetningar og fyrir viðvörðunarkerki.




Merki 202 – Götun 900 mm forgangsmerkja.  
Sömu málsetningar og fyrir viðvörðunarkerki.




**Merki 204 – Stöðvunarskylda:**

| Gerð     | Þvermál (mm) | Breidd jaðars (mm) |
|----------|--------------|--------------------|
| Venjuleg | 700          | 70                 |
| Stór     | 900          | 90                 |

Merki 204 – Götun 700 mm forgangsmerkja.  
Sömu málsetningar og fyrir merki 212.




Merki 204 – Götun 900 mm forgangsmerkja.  
Sömu málsetningar og fyrir merki 212.




**Merki 206 – Aðalbraut og 208 – Aðalbraut endar:**

| Breidd (mm) | Hæð (mm) | Breidd jaðars (mm) |
|-------------|----------|--------------------|
| 400         | 400      | 26                 |
| 500         | 500      | 32                 |


Merki 206 og 208 - málsetning



Merki 206 og 208 – málsetning gatadeilingar




**Merki 212 – Skylt að veita umferð sem kemur á móti forgang:**


| Gerð     | Þvermál (mm) | Breidd jaðars (mm) |  |
|----------|--------------|--------------------|------------------------------------------------------------------------------------|
| Venjuleg | 600          | 60                 |                                                                                    |
| Stór     | 800          | 80                 |                                                                                    |

**Götun forgangsmerkja****Merki 212 – Götun 600 mm forgangsmerkja.**

Sömu málsetningar og fyrir merki 204.


**Merki 212 – Götun 800 mm forgangsmerkja.**

Sömu málsetningar og fyrir merki 204.




**Merki 214 – Umferð á móti veitir forgang:**

| Breidd (mm) | Hæð (mm) | Breidd jaðars (mm) |
|-------------|----------|--------------------|
| 600         | 600      | 10                 |
| 700         | 700      | 10                 |



**Merki 216 - Fléttuakstur:**

| Gerð     | Breidd (mm) | Hæð (mm) |
|----------|-------------|----------|
| Venjuleg | 600         | 800      |
| Stór     | 900         | 1200     |



Utan þéttbýlis á stofnvegum óháð veghaldi og á öðrum vegum með samsvarandi hlutverk, með ársdagsumferð (ÁDU) yfir 500 bílar/dag skal nota stóra stærð merkja (SS).

Innan þéttbýlis þar sem leyfilegur hámarkshraði er 60 km/klst. eða hærri skal nota stóra stærð merkja (SS).

# Gerðir forgangsmerkja

## 202 Biðskylda



### Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að ökumanni beri að veita umferð á vegi sem ekið er inn á eða yfir forgang.

Þar sem merkið stendur með undirmerki 802.1  er varað við biðskyldu framundan.

Þar sem merkið stendur með undirmerki 824  er varað við stöðvunarskyldu framundan

### Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem ökumanni ber að veita umferð á vegi sem ekið er inn á eða yfir forgang.

Þar sem merkið er sett upp skal ávallt nota yfirborðsmerkingu 1022  nema annað sé tekið fram eða á vegum með malarslitalagi.

Ávallt skal setja upp merki um biðskyldu við eftirfarandi aðstæður:

a. Þar sem ekið er inn á aðalbraut frá hliðarvegi eða annars staðar þar sem veita skal umferð á vegi forgang.

b. Þar sem ekið er inn á veg sem merktur hefur verið með viðvörunarmerkinu 125  þar sem umferð á vegi hefur forgang.

c. Við allar aðkomur að hringtorgi og þá með merki 406 .

d. Þar sem ekið er inn á veg, þar sem vegfarandi sem á að veita forgang á vegamótum sér ekki vegamótin í þeirri fjarlægð sem skilgreind er í sjónlengdartöflu eða ef forgangur á vegamótunum er óljós af öðrum ástæðum.


e. Við ljósaðstýrð vegamót, til að gefa til kynna forgang, verði umferðarljós óvirk. Ekki skal nota yfirborðsmerkingu 1022 við ljósaðstýrð vegamót enda er þar notuð yfirborðsmerking 1020.

f. Þar sem komið er að hjólastíg eða sameiginlegum göngu- og hjólastíg sem hefur forgang gagnvart vegi sem ekið er eftir. Heimilt er að nota undirmerki 826.1 Umferð hjólandi vegfarenda úr báðum áttum í slíkum tilfellum.

g. Þar sem komið er að sérstakri akbraut hópbifreiða í almenningssakstri sem hefur forgang

gagnvart vegi sem ekið er eftir. Heimilt er að nota undirmerki 826.2  í almenningssakstri úr báðum áttum í slíkum tilfellum.

Heimilt er nota merki um biðskyldu til áréttingar þar sem ekið er inn á veg frá bifreiðastæði, lóð eða af vegslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið eða þar sem ekið er yfir gangstíg, gangstétt eða hjólastíg sé það ekki augljóst af aðstæðum hvernig forgangi er háttað og talið að það hafi neikvæð áhrif á umferðaröryggi að sleppa merkingu. Ekki er nauðsynlegt að nota yfirborðsmerkingu 1022 Biðskyldumerking í þeim tilfellum.



Merkið skal setja upp sem næst vegamótum. Þar sem merkið stendur með 1022 Biðskyldumerking skal merkið standa sem næst línunni.

Lágmarka skal notkun annarra merkja með merkinu. Ef merkið er notað með merki um gangbraut við gatnamót eða hringtorg skal merki um 516  vera ofar merki um 202 .

Þar sem vara þarf við biðskyldu, svo sem ef vegsýn að biðskyldu er skemmri en kemur fram í


sjónlengdartöflu (aftast í skjali um viðvörðunarkerki), skal það gert með 202  og undirmerki 802.1

 en 824  fyrir stöðvunarskyldu. Ekki skal með þessum hætti vara við biðskyldu á hringtorgum eða ljósastýrðum vegamótum, heldur með viðeigandi viðvörðunmerkjum.

#### Annað:

Dæmi um notkun merkisins með 202

Að jafnaði skal vera 2 - 8 m fjarlægð frá biðskyldumerki að vegkanti vegar með aðalbrautarétt en biðskyldu skal þó aldrei staðsetja innan hliðs / girðingar.



## 204 Stöðvunarskylda



### Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að ökumanni beri að veita umferð á vegi sem ekið er inn á eða yfir forgang.

Þar sem merkið stendur með undirmerki 802.1  er varað við biðskyldu framundan.

Þar sem merkið stendur með undirmerki 824  er varað við stöðvunarskyldu framundan

### Vinnureglur um notkun:

Merkið skal setja við vegamót þar sem ökumönnum ber skilyrðislaust að nema staðar og veita umferð á vegi sem ekið er inn á eða yfir forgang. Merkið skal setja upp sem næst vegamótum.




Þar sem merkið er sett upp skal ávallt nota yfirborðsmerkingu 1020  Stöðvunarlína nema á vegum með malarslitlagi. Merkið skal standa sem næst línunni.

Merkið skal einungis notað þar sem öryggissjónarmið mæla með notkun stöðvunarskyldu fremur en biðskyldu. Utan þéttbýlis skal nota merkið þar sem sérstakar aðstæður krefjast, t.d. þar sem vegsýn er takmörkuð eða eðli vegamóta eða umferðar er þannig að þörf sé á skilyrðislausri stöðvunarskyldu enda liggja fyrir samþykki viðkomandi lögreglustjóra.

Þar sem vara þarf við stöðvunarskyldu, svo sem ef vegsýn að stöðvunarskyldu er skemmri en kemur

fram í sjónlengdartöflu, skal það gert með merki 202  og undirmerki 824 

## 206 Aðalbraut



### Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að umferð á vegi hafi forgang gagnvart umferð af hliðarvegum.

### Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið á veg sem hefur forgang gagnvart vegum sem tengjast honum eða þvera hann. Merkið skal sett upp þar sem aðalbraut byrjar svo og við vegamót eftir því sem þurfa þykir

enda séu merkin 202  eða 204  sett við hliðarvegi.

Merkja skal aðalbrautir með merki 206  og með merki 723.13 .

- sitt hvorum megin 300 – 1000 m frá vegamótum við þjóðvegi utan þéttbýlis fyrir umferð sem ekur frá vegamótunum. Ef tvö eða fleiri vegamót við þjóðvegi eru á 3 km kafla eða styttri skal merkja þau eins og um ein vegamót væri að ræða, þ.e. með merki út frá vegamótum í endum kaflans og merkjum á milli þeirra sleppt.
- áður en komið er að vegamótum við þjóðveg utan þéttbýlis í 500 – 1000 m fjarlægð ef vegalengd frá síðasta aðalbrautarkerki er meiri en 20 km.
- fyrir báðar akstursstefnur með að jafnaði 15 km millibili. Ef fjarlægð frá síðasta aðalbrautarkerki er meiri en 30 km, nema þar sem vegur liggur um óbyggð svæði og engin biðskyldumerki eru fyrir hendi, skal setja merki 500 – 1000 m áður en komið er að fyrsta afleggjara með biðskyldumerki.

Við vegi sem tengjast aðalbrautum skal setja merkið 202  eða 204  . Það á við um þjóðvegi og skýrt afmarkaða afleggjara með almennri umferð s.s. að húsum/býlum í byggð, við orlofshúsabyggð, samkomustaði, malarnámur með mikla umferð, ferðamannastaði o.þ.h.

Heimilt er að setja merkið upp með merki 362  og skal forgangsmerki í slíkum tilvikum vera undir bannmerki.

Heimilt er að nota merkið án vegnúmers en með merki 815  til að skýra legu aðalbrautar á vegamótum.

## 208 Aðalbraut endar



### Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að aðalbraut endi og umferð á vegi hafi ekki lengur sérstakan forgang gagnvart umferð af hliðarvegum.

### Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þegar vegur, sem merktur hefur verið sem aðalbraut, hættir að njóta forgangs gagnvart vegum sem tengjast honum eða þvera hann.

Ekki er nauðsynlegt að nota merkið þar sem umferð á aðalbraut ber í stökum tilvikum að veita annarri umferð forgang, svo sem við vegamót tveggja aðalbrauta, eða flétta fléttuakstur við samruna akreina, enda séu slík tilvik gefin til kynna með viðeigandi forgangsmerkjum. Heimilt er að nota merkið ásamt undirmerki 802.1 **200 m** nokkru áður en aðalbraut lýkur.

## 212 Skylt að veita umferð sem kemur á móti forgang



### Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að ökumanni sé skylt að veita umferð sem kemur á móti forgang.

### Vinnureglur um notkun:


Heimilt er að setja upp merkið áður en komið er að vegarkafli þar sem umferð getur ekki mæst og skylt er að veita umferð sem kemur á móti forgang. Merkið má einungis setja upp þar sem vegsýn eftir veginum í framhaldi af merkinu er jöfn eða meiri en kemur fram í sjónlengdartöflu eða hinn einbreiði vegarkafli er allur sýnilegur frá staðsetningu merkisins.

Þar sem vegsýn að merkinu er skemmri en kemur fram í sjónlengdartöflu og hraði umferðar er hærri en 60 km/klst., skal vara við því með sama merki og undirmerki 802.1 **200 m**.

Lengd kafla skal gefin upp á undirmerki 804.1 **200-800m** ef kaflinn er lengri en 50 m.

Setja skal upp merkið 214  í gagnstæða akstursstefnu við hinn enda vegarkafla eða hindrunar.

## 214 Umferð á móti veitir forgang.



### Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að umferð á móti veiti forgang.


### Vinnureglur um notkun:

Merkið er notað við enda vegarkafla þar sem umferð getur ekki mæst og merkið 212  hefur verið sett upp í gagnstæða akstursstefnu við hinn endann.

Þar sem vegsýn að merkinu er styttri en kemur fram í sjónlengdartöflu og hraði umferðar er hærri en 60 km/klst., skal vara við því með 106 .

Utan þéttbýlis skal merkið staðsett minnst 50 m áður en komið er að vegarkaflanum. Ef kaflinn er lengri en 50 m skal lengd hans gefin upp á undirmerki 804.1 .

## 216 Fléttuakstur



### Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að tvær samhliða akreinar á vegi renni saman í eina og að ökumenn skuli aka þannig að eitt ökutæki fari í senn af hvorri akrein eftir því sem við verður komið.

### Vinnureglur um notkun:

Merkið má einungis nota á vegum með aðgreindar akstursstefnur.

Merkið er staðsett þar sem fléttun byrjar. Óheimilt er að nota deililínu á milli akreina sem renna saman með fléttun. Svæði sem fléttuakstur fer fram skal vera með fullri breidd tveggja akreina í að minnsta kosti 100 m eftir merkið en 150 m ef leyfilegur hámarkshraði á veginum er 80 km/klst. og 200 m fyrir hærri hámarkshraða. Ef svæðið kemur strax eftir ljósastýrð vegamót eða hringtorg má stytta vegalengd þess allt niður í 50 m.

Á fjölakreina vegi má einungis setja merkið upp þeim megin akbrautar sem er nær sameiningu akreinanna. Séu einungis tvær akreinar í sömu akstursstefnu skal merkið sett upp beggja vegna þeirra.

Á vegum með hámarkshraða 90 km/klst. eða hærri skal vara við fléttuakstri fram undan 200 – 300 m

áður með 216  og undirmerki 802.1 . Heimilt er að vara við fléttuakstri annars staðar þar sem ástæða þykir til.

Sjónlengdartafla - Vegsýn í hönnunargögnum

Sjónlengdartafla, stöðvunarlengd, mætilengd og framúraksturslengd

Þar sem vísað er til sjónlengdartöflu er átt við neðangreindar töflur:

Stöðvunarlengdir í metrum í dreifbýli:

| Leyfilegur hámarkshraði (km/klst.) |    |    |    |    |     |     |     |     |     |
|------------------------------------|----|----|----|----|-----|-----|-----|-----|-----|
| Langhalli                          | 30 | 40 | 50 | 60 | 70  | 80  | 90  | 100 | 110 |
| -10%                               | 26 | 40 | 59 | 82 | 113 | 149 | 189 | 234 | 288 |
| 0%                                 | 24 | 36 | 51 | 70 | 92  | 119 | 147 | 179 | 215 |
| 10%                                | 23 | 34 | 47 | 62 | 81  | 102 | 124 | 149 | 177 |

Stöðvunarlengdir í metrum í þéttbýli:

| Leyfilegur hámarkshraði (km/klst.) |    |    |    |    |     |     |     |     |     |
|------------------------------------|----|----|----|----|-----|-----|-----|-----|-----|
| Langhalli                          | 30 | 40 | 50 | 60 | 70  | 80  | 90  | 100 | 110 |
| -10%                               | 22 | 35 | 52 | 74 | 103 | 138 | 176 | 221 | 273 |
| 0%                                 | 20 | 31 | 44 | 61 | 83  | 107 | 134 | 165 | 199 |
| 10%                                | 19 | 28 | 40 | 54 | 71  | 91  | 112 | 135 | 162 |

Stöðvunarlengdir þar sem langhalli er annar en að ofan greinir, breytast línulega í samræmi við langhalla.

Mætilengd er tvöföld stöðvunarlengd að viðbætti 10 m öryggislengd. Mætilengd er óháð langhalla.

Lágmarks framúraksturlengd í metrum í beinni veglínu:

| Leyfilegur hámarkshraði (km/klst.) | 60  | 70  | 80  | 90  | 100 |
|------------------------------------|-----|-----|-----|-----|-----|
| Lágmarks framúraksturslengd (m)    | 475 | 500 | 525 | 575 | 625 |